



Nefndarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingishúsið við Austurvöll

Reykjavík 1. mars 2023

Efni: Umsögn Samtaka ferðapjónustunnar um frumvarp um breytingu á umferðarlögum (EES-reglur, ökutæki o.fl.)

Hinn 13. febrúar 2023 barst Samtökum ferðapjónustunnar – SAF beiðni um umsögn um frumvarp til breytinga á umferðarlögum (EES-reglur, ökutæki o.fl.). Frestur til að skila inn umsögn um frumvarpið er til 27. febrúar 2023 en samtökin fengu aukinn frest.

Frumvarpið er sett fram vegna vegna fyrirhugaðra innleiðinga reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins. Þá eru lagðar til breytingar í ljósi tillagna starfshóps um smáfarartæki. SAF hafa farið yfir fyrirbyggjandi frumvarp og vilja koma eftirfarandi breytingum á framfæri.

Endurmenntun bílstjóra

Nú er svo komið að að því að margir bílstjórar eru að fara að sitja endurmenntunarnámskeið í annað sinn og hafa mikla reynslu að starfinu. Það er því alveg ljóst að slíkt námskeið er að mörguleyti eingöngu kvöð fyrir viðkomandi bílstjóra enda óþarft með öllu ef námskeiðið bætir engu við það sem áður hefur verið gert. Samtökin fagna því þeirri vegferð að hluti endurmenntunar geti farið fram í fjarnámi. SAF hefði viljað sjá heimildir fyrir því að það yrði kennt að öllu leyti í fjarnámi en það er ljóst að það eru ekki heimildir fyrir því. Samtökin óska eftir að stjórnvöld nýti allar undanþágur stuðli að því að námskeiðið sem þessi komi sem mest til móts við atvinnulífið.

Heimildir ríkisaðila til að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku

Í 14. gr. frumvarpsins er ríkisaðila heimilt með samþykki ráðherra að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir á landi í eigin umráðum. Verði þessi heimild að lögum þá verður bæði einfaldara og auðveldara fyrir ríkisaðila að setja á gjaldtöku. Í greinargerðinni kemur fram að gjöldin eigi að vera þjónustugjöld sem ætluð eru að standa straum af byggingarkostnaði, viðhaldi og rekstri stöðureita, þ.m.t. launum varða, og kostnaði við uppbyggingu, viðhald og þjónustu sem veitt er í tengslum við notkun stöðureita, svo sem salefnisaðstöðu, og gerð og viðhald göngustíga og tenginga við önnur samgöngumannvirki.

Samtökin vilja undirstrika það að ráðuneytið setji ríkisaðilum leiðbeiningar og marki heildarstefnu fyrir hvað varðar gjaldtöku. Með því verði ekki svokkað „*vilta vestrið*“ þegar kemur að gjaldtöku ríkisaðila í þessum efnum. Samtökin setja sig ekki á móti uppbyggingu og þjónustu og auðvitað eiga þeir sem nýta sér þá þjónustu að greiða fyrir hana. Það er hins vegar varhugavert ef ríkisaðilum sé heimilt að fara að innheimta þjónustugjöld þegar þjónustan er engin en er hins vegar fyrirhuguð. Þannig að innheimta á þjónustugjöldum verði ekki hafin fyrr en þjónustan sjálf er að fullu til staðar. Notandi í dag þurfi ekki að fara greiða fyrir notkun á þjónustu fyrir notanda í framtíðinni. Gjaldtakan verður því að vera sanngjörn og gegnsæ með tillit til veittrar þjónustu. Samtökin fara fram á að eiga aðild að undirbúningi slíkra fyrirsmæla.

Smáfarartæki

Almennt er í dag mikill hræsluáróður gagnvart smáfarartækjum af hálfu stjórnvalda líkt og frumvarpið ber með sér. Notkun smáfarartækja hefur jákvæð áhrif á losun CO₂, dregur úr umferð bifreiða og þar með úr umferðartöfum. Notkun þeirra er jákvæð fyrir samfélagið í heild og því eiga stjórnvöld að nýta

sér það og stuðla að því að hvetja til notkunnar á þessum samgöngumáta með fræðslu og leiðbeiningum en ekki með bönnum líkt og frumvarpið gerir.

Reglur sem stjórnvöld setja eigi ekki að vera of hamlandi þegar kemur að þróun og nýsköpun í samgöngum. Stjórnvöldum er bent á að nýta sér greiðan aðgang að þeim sem eru sérfræðingar þegar kemur að smáfarartækjum og hugað að því hvað þeir leggja til m.a. með skilgreiningu á hugtakinu smáfarartæki. Samtökin vilja benda á umsögn Hopp ehf. við frumvarpið.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingum við nefndina og óska eftir að sitja fund með nefndinni til að fara yfir umsögn þessa og fleira tengt frumvarpinu.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Baldur Sigmundsson', written in a cursive style.

Baldur Sigmundsson lögfræðingur